

Aðildarsveitarfélög Héraðsnefndar Þingeyinga bs.
Langanesbyggð, b.t. Björns S. Lárussonar, sveitarstjóra
Norðurþing, b.t. Katrínar Sigurjónsdóttur, sveitarstjóra
Tjörneshreppur, b.t. Aðalsteins J. Halldórssonar, oddvita
Þingeyjarsveit, b.t. Ragnheiðar Jónu Ingimarsdóttur, sveitarstjóra

Þingeyjarsveit, 21. nóvember 2024

Efni: Slit Héraðsnefndar Þingeyinga bs.; tillaga vegna Náttúruverndarnefndar.

Eitt af hlutverkum Héraðsnefndar hefur verið að hýsa Náttúruverndarnefnd Þingeyinga. Nefndin starfar á grundvelli laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Hlutverk nefndarinnar er tilgreint í fyrrnefndum lögum um náttúruvernd en auk þeirra hefur nefndin umsjón með framkvæmd friðlýsingar Vestmannsvatns í Suður-Þingeyjarsýslu, skv. auglýsingu nr. 30/1977 í B-deild Stjórnartíðinda. Helstu hlutverk eru að vera sveitarstjórnnum sem aðild eiga að Héraðsnefnd Þingeyinga bs. til ráðgjafar um náttúruverndarmál, stuðla að náttúruvernd og veita ýmiskonar umsagnir sem snúa að náttúruvernd, áætlanagerð og fyrirhuguðum framkvæmdum á starfssvæðinu.

Í núverandi Náttúruverndarnefnd eru:

Árni Sigurbjörnsson, Norðurþingi, formaður
Daníel Hansen, Langanesbyggð
Anna Guðný Baldursdóttir, Þingeyjarsveit.

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 segir:

„14. gr. Náttúruverndarnefndir.

Á vegum hvers sveitarfélags starfar þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára í senn, sbr. þó 3. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna. Sveitarstjórn velur jafnframt formann og setur nefndinni erindisbréf. Varamenn skulu kosnir með sama hætti. Sveitarstjórnir greiða kostnað sem hlýst af störfum náttúruverndarnefnda nema öðruvísi sé ákveðið. Umhverfisstofnun skal tilkynnt eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar um kjör í náttúruverndarnefndir. Sveitarfélög geta haft samvinnu við nágrannasveitarfélög um starfrækslu náttúruverndarnefnda.

Náttúruverndarnefndir skulu vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Skulu þær stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líklegt er að hafi áhrif á náttúruna, og gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórna og Umhverfisstofnunar.

Náttúruverndarnefndir skulu leita aðstoðar og ráðgjafar Umhverfisstofnunar þegar ástæða er til. Stofnunin, fulltrúar náttúruverndarnefnda og forstöðumenn náttúrustofa skulu halda

a.m.k. einn sameiginlegan fund á ári. Náttúruverndarnefndir skulu veita Umhverfisstofnun yfirlit yfir störf sín með skýrslu í lok hvers árs.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hlutverk náttúruverndarnefnda og tengsl þeirra við náttúrustofur samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992.“

Unnið er að slitum Héraðsnefndar, skv. samþykkt aðildarsveitarfélaga og bókun á fundi framkvæmdarstjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs., dags. 8. júlí 2024 þar sem skipað var í skiptastjórn Héraðsnefndar Þingeyinga bs. í samræmi við ákvæði 5. mgr. 95. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011. Er því lagt til að núverandi Náttúruverndarnefnd Þingeyinga verði lögð niður.

Er á það bent að hver sveitarstjórn fyrir sig getur farið þá leið sem mörg sveitarfélög fara. Að fela sinni fastanefnd á sviði umhverfis-, skipulags- og framkvæmdamála verkefni náttúruverndarnefndar skv. lögum þar um. Eða farið aðrar leiðir eftir því sem við á.

Skiptastjórn Héraðsnefndar Þingeyinga bs.

Gerður Sigtryggisdóttir

Rúnar Bjarnason

Undirritunarsíða

formaður skiptastjórnar
Gerður Sigtryggisdóttir

meðstjórnandi skiptastjórnar
Rúnar Bjarnason